

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Fundargerð 106. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 8. apríl 2016, haldinn í Bolungarvík kl. 12:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Kristján G. Jóakimsson, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir í síma var Jón Hörður Elíasson

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits 2015
2. Skipulag heilbrigðiseftirlits, framtíðarsýn
3. Gjaldskrá 2016
4. Skipulagsstofnun
5. Umhverfisstofnun
6. Matvælastofnun
7. Lagabreytingar
8. Úr eftirliti
9. Starfsleyfi fyrirtækja
10. Tóbaksöluleyfi
11. Tækifærisleyfi
12. Önnur mál
13. Fundadagsetningar, tillaga.

Dagskrá

1. Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits 2015.

Heilbrigðisfulltrúi kynnti starfsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2015. Skýrslan er aðgengilega á hevf.is

2. Erindi til umræðu í heilbrigðisnefndum Heilbrigðisnefnd fagnar hugmyndum um yfirfærslu verkefna og eflingu nærþjónustu heilbrigðiseftirlitssvæðanna. En hugmyndir um sameiningu svæða og fækkun geta þá tæplega átt við dreifðar byggðir af augljósum ástæðum. Leggjum til að þetta verði rætt eftir að úttekt þar til bærri aðila liggur fyrir um hagkvæmni slíkra breytinga. Alltof oft er farið í sameiningar sem skila ekki neinu, hvorki starfsmönnum né þjónustuaðilum.

3. Gjaldskrá 2016

- Breyting á gjaldskrá hefur verið auglýst í stjórnartíðindum og er númer 231/2016. Gjald vegna sýna er kr. 15.607 og tímagjald er kr. 11.485.
- Afgreiðsla Ísafjarðarbæjar frá 375. fundi bæjarstjórnar, hækkun samþykkt.
- Afgreiðsla Reykhólahrepps 10. mars, samþykkt.

4. Skipulagsstofnun

- Umsögn um deiliskipulag í Reykhólahreppi, fyrir Innstapoll í Flatey
- Umsögn um breytingu á Örlygshafnarvegi 621 Skápadalur-Patreksfjarðarflugvöllur.
- Umsögn heilbrigðiseftirlits vegna deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinsæyrar Tálknafirði

5. Umhverfisstofnun, bréf til kynningar

- Eftirlitsverkefni 2016. Hávaði í umhverfi barna í leik- og grunnskólum; Skoðun á heimastofum í leikskólum og kennslustofum í skólum.
- Fundargerð umhverfisstofnunar og HES 16. mars 2016
- Fundargerð vorkundar frá 20. október 2015

- Verklagsreglur hollustuháttahóps er varða kaldar laugar.
- Verklagsreglur hollustuháttahóps er varðar laugar í einkaeigu með takmarkaðan aðgang. (t.d. laugar við sumarhús í útleigu- gististaði)
- Fundargerð hollustuháttahóps frá 15. mars 2016. Meðal atriða á fundinum var staða mála varðandi dekkjakurl. Tekin hafa verið sýni til efnagreiningar. Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög hafa sett fram aðgerðaráætlanir um að fjarlægja dekkjakurl. Norðurlönd hafa farið mismunandi leiðir t.d. hefur Svíþjóð krafist þess að við endurnýjun valla verði notað iðnaðarkurl, Danmörk hefur aftur á móti ekki fyrirhugað að skipta dekkjakurlinu út. Eftirlitsverkefni 2016 er ekki full unnið en hávaði í leiksskólum verður viðfangsefnið.
- Minnisblað um dekkjakurl og upplýsingar um gervigrasvelli á Íslandi. Á Vestfjörðum eru 13 KSÍ vellir 18x33 og einn keppnisvöllur 60x100.
- Flokkun baðstaða í náttúrunni. Óskað eftir lista yfir baðstaði í náttúrunni sem eru í 1. og 2. flokki. Enginn staður hefur óskað eftir starfsleyfi á Vestfjörðum í 1. og 2. flokki.

6. Matvælastofnun, bréf til kynningar

- Viðbragðsáætlun vegna mataborinna sjúkdóma
- Matvælastofnun heldur ársfund sinn þriðjudaginn 5. apríl 2016
- Innköllun á kjúklingi vegna salmonellusmits
- Þorskalýsi mælist með þrávirk lífræn efni yfir leyfilegum mörkum
- Eftirlitsverkefni 2015 - Sushi
- Fundargerð matvælahóps 1.3 2016
- ANR úrskurður vegna Ormstaða. Matvælastofnun mun hafa eftirlit með veitingasölu. Úrskurður vegna Syðri Haga, heilbrigðiseftirlit fari með eftirlit
- Eftirlitsverkefni 2016. *Listeria monocytogenes* (LM) í matvælum tilbúnum til neyslu
- Aðskotahlutur í Smjörva frá MS, kynnt
- Grásleppuhrognakavíar – Synjun Matvælastofnunar staðfest
- Aðskotahlutur í MARS súkkulaði, kynnt.
- Innköllun á hrísgrjónum – First Price og Grön Balance, ummerki um nagdýr í pökkunarstöð.
- Niðurstöður mælinga á nitríti og nitrati í kjötvörum, tvö sýni af 21 yfir mörkum.
- Tegundasvindl- í ljósi umræðu um tegundasvindl þá beinir Matvælastofnun því til heilbrigðiseftirlitssvæða að huga að þessum málum í eftirliti með veitingahúsum og fiskverslunum. T.d væri hægt að skoða hvort keyptur hafi verið inn sá fiskur sem er á matseðli.
- Uppfært skjal vegna Áhættuflokkunar matvælafyrirtækja skv. boðbera.
- Sýklalyfjapol baktería sem geta borist milli manna og dýra. Sýklalyfjapolnabakteríur eru helsta heilbrigðisógn nútímans. Gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna Matvælastofnunar. Á árinu 2015 mældist minna lyfjapol heldur en 2014. Skimun fyrir MÓSA bakteríum í svínastofnum, fannst ekki í þeim 24 stofnum sem skimaðir voru.

7. Laga og reglugerðarbreytingar

SHÍ umsögn um drög að reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli.

- Umhverfisráðuneyti kynning á drögum að reglugerð um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum

8. Eftirlit.

- Stöðuskýrsla um förgun skólps fyrir áriði 2014. Bæði er verið að spyrja út í fráveitur þéttbýlisstaða hvort þær uppfylli kröfur í reglugerð nr 798/1999 um fráveitur og skólþ og hinsvegar um tilhögun seyrulosunar og ástand rotþróa. En sveitarfélög skulu standa að reglubundinni tæmingu á rotþróum. Einnig er spurt um losunarstaði fyrir seyru og seyrulosun sé í samræmi við reglugerð 799/1999 um losun Seyru.
- Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 7/1998.
- Stekkjagata 21, ósk um umsögn umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar. Tekið fyrir á 452. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar. Afgreiðslu frestað.
- Saltverk, skoðunarskýrsla. Skoðun verður endurtekin í byrjun júní, kynnt.
- Bílamál ítrekað hefur verklag það sem heilbrigðiseftirlitið vinnur eftir við fjarlægingu númerslausra bifreiða verið brotið. Heilbrigðiseftirlit límir á og gefur frest til athugasemda. Viðkomandi sveitarfélag fær síðan beiðni um að fjarlægja og geyma það sem ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir. Bæði hafa bílhræ verið fjarlægð seint eða ekki og eins hefur geymsla ekki verið trygg.
- N1- Borist hafa upplýsingar um búnað, gerð og frágang lagna ásamt fyrirkomulagi á færslum í rekstrarhandbók. Jafnframt Gæðahandbók um vöktun og stýring umhverfisþátta á þjónustustöðvum N1.

9. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
560216-1810-	Gillagrill ehf	Vesturbyggð	Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)
570589-1059-	Þórduna ehf- Steinshús	Strandabyggð	Krár, kaffihús án matsölu (lítill starfsemi >50 gestir

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
510305-0510-	Hár og Klæði	Ísafjörður	Hárgreiðslustofur
250684-2319-	Páll Vilhjálmsson	Vesturbyggð	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
610410-0300-	Móra ehf	Vesturbyggð	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
651103-2580-	Massi Þrif- Sólgrata 8	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
041087-2509-	Kristófer Logi Árnason	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
661007-0790-	Stjáni Blái - Langeyri	Súðavíkurreppur	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
031074-5419-	Úlfur Þór Úlfarsson	Súðavíkurreppur	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
200589-4089-	Ártún	Tálknafjarðarhreppur	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
180162-5509-	Jóna Benediktsdóttir	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
680606-1290-	Ískleif ehf	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)
530106-1870-	Flautá ehf	Reykholahreppur	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 g)

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
Úlfar Öundurson	Ísafjarðarbær	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar
Ísfall	Flateyri	Þvottur á fiskeldisnótum

9. Rekstrarleyfi umsagnir til Sýslumanns

Umsögn um rekstrarleyfi Dakis ehf Ísafirði

Umsögn um rekstrarleyfi Jóhanns Svavarssonar fyrir gistingu Aðalstræti 62 ehf

Umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Krúsina Norðurvegur 1

Umsögn um Austurveg 12, Ísafirði íbúðagisting

Umsögn um Svanfjord, Langeyri Súðavík íbúðagisting

Umsögn um IVH ehf gistingu Hafnarbraut 25.

Umsögn um Þórdunu ehf, kaffihús í Steinshúsi

Umsögn um Hjallaveg 20, Flateyri

Umsögn um Fisherman ehf Aðalstræti 12, 14 og 15, Suðureyri

Umsögn um rekstrarleyfi Fjarðarstræti 39, Ísafirði heimagisting

Umsögn um rekstrarleyfi Sólgrata 8, Ísafirði heimagisting Massi Þrif

Umsögn um rekstrarleyfi Vigur félagsbú kaffihús gestafjöldi 200

Umsögn um Hótel Látrabjarg ehf 39 gistirúm

Umsögn um Ferðaþjónustuna Örlygshöfn 19 gistirúm

Umsögn um rekstrarleyfi Hótel Ísafjörður Mánagata 1, Ísafirði gestafjöldi 20.

Umsögn um rekstrarleyfi Gistiheimilið Bjarmaland ehf, Tálknafirði morgunmat og gisting fyrir 21 gest.

Umsögn um Grillskálann, Aðalstræti 110 Patreksfirði Gillagrill Veitingastaður

10. Tækifærisleyfi

Heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa

<u>Heiti</u>	<u>Ábyrgðarmaður</u>	<u>Staðsetning</u>	<u>Tímasetning</u>
Félagsheimilið Hólmavík	Lýður Jónsson	Einfætingsgili	27-28. febrúar
Krúsin	Gróa Böðvarsdóttir	Ísafjörður	26-28. mars
Menntaskólinn á Ísafirði	Jón Reynir Sigurvinsson	Ísafirði	5-3. mars
Súðavíkurbreppur	Barði Ingibjartsson	Súðavík	13.-14. febrúar

11. Tóbakssöluleyfi

Heilbrigðiseftirlit hefur veitt eftirfarandi tóbakssöluleyfi:

<u>Tóbakssöluleyfii</u>	<u>Ábyrgðarmaður</u>	<u>Gildistími</u>
Gillagrill ehf	Gísli Snær Smáráson	16.3 2016-16.3 2020

12. Önnur mál

- Sóttvarnalæknir hvetur alla heilbrigðisfulltrúa, sem annast skipaskoðanir skv. Alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni og annast heilbrigðisvottun skipa og sóttvarnaundanþáguvottorð, til að sækja námskeið WHO um skipaskoðanir. Námskeiðið verður haldið 11.- 13. apríl n.k. í Esbjerg í Danmörku og skipulagt af Evrópuskrifstofu Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar, Námskeiðsgjaldið er greitt af SHIP SAN Act en ferðakostnaður er ekki greiddur. Anton mun taka þátt.
- Vinnubúðir umhverfisgæðahóps verða á Skeiðum 11-12. apríl, Hlynur mun taka þátt
- 2- 3. maí er vörfundur Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í Mývatnssveit.

13. Fundadagsetningar 2016:

• 1. fundur	12. febrúar	Ársreikningur
• 2. fundur	8. apríl	Matvælaeftirlit – Innra eftirlit
• 3. fundur	10. júní	Fundur í Vesturbyggð um sumarverkefni
• 4. fundur	2. september	Fundur í Strandabyggð
• 5. fundur	28. október	Fjárhagsáætlun.
• 6. fundur	9. desember	Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:50